

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 23. apríl 2021 í máli nr. 117/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 22. október 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að varnaraðila beri að lækka reikning að fjárhæð 664.297 krónur vegna tjóns á bifreið í eigu varnaraðila til samræmis við raunverulegt tjón. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 23. október 2020, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust nefndinni þann 30. október 2020. Athugasemdir sóknaraðila við andsvör varnaraðila bárust þann 3. nóvember árið 2020. Frekari athugasemdir bárust frá varnaraðila þann 9. nóvember 2020. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara varnaraðila og athugasemda sóknaraðila og varnaraðila, reikningur varnaraðila til sóknaraðila að fjárhæð 664.297 krónur vegna tjóns á bifreiðinni, kostnaðarmat eða svokallað CABAS mat frá varnaraðila vegna tjónsins, myndir af bifreiðinni frá varnaraðila, athugasemdir sóknaraðila við myndir varnaraðila af bifreiðinni, afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila, samningur um leigu á bifreiðinni og afrit af skilmálum varnaraðila.

Með bréfi, dags. 21. desember 2020, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili óskaði eftir leigu á bifreið hjá varnaraðila vegna tímabundinnar dvalar sóknaraðila á Íslandi. Þar sem sóknaraðili gat ekki nýtt eigið greiðslukort til að leigja bifreiðina, og ekki var möguleiki á að setja fram tryggingu með öðrum hætti, var samningur um leiguna gerður á nafni vinar sóknaraðila, [...], sem leigutaka. Samningurinn var gerður þann 18. maí árið 2020 um svokallaða vetrarleigu á bifreið í eigu varnaraðila. Sóknaraðili var skráður sem „Tengiliður“ í samningnum. Bifreiðin er af gerðinni Suzuki Vitara, árgerð 2016. Mánaðargjald vegna leigunnar var að fjárhæð 49.900 krónur.

Sóknaraðili lenti í sandstormi þann 5. júní árið 2020 við akstur bifreiðarinnar. Að sögn sóknaraðila voru litlar rispur á lakki bifreiðarinnar og framrúðunni sem hafi aðeins sést við skoðun í örfárra sentímetra fjarlægð. Sóknaraðili segir að bifreiðin hafi virkað með eðlilegum hætti og ók henni því áfram þar til hann skilaði bifreiðinni þann 30. september árið 2020. Sóknaraðila barst síðar reikningur vegna tjóns á bifreiðinni að fjárhæð 664.297 krónur.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili segir að skrifstofa varnaraðila sé almennt opin allan sólarhringinn en hún hafi þó verið lokuð þegar sóknaraðili skilaði bifreiðinni á leið sinni á flugvöllinn. Hafi því enginn starfsmaður verið tiltækur til að skoða bifreiðina með sóknaraðila þegar henni var skilað. Sóknaraðili kveðst hafa fundið miða á hurðinni með þeim leiðbeiningum að honum bæri að skilja lykla að bifreiðinni eftir í boxi á flugvellingnum sem hann gerði. Sóknaraðili segist ekkert hafa heyrt frá varnaraðila fyrr en honum barst reikningur nokkrum dögum síðar að fjárhæð 664.297 krónur með skýringunni „Sand damages, self risk“.

Sóknaraðili segir að honum hafi í upphafi leigunnar verið gert að skrifa undir samning á íslensku í spjaldtölvu frá varnaraðila þar sem mikið af upplýsingum hafi komið fram. Sóknaraðili kveðst hafa beðið um skýringar á inntaki samningsins þar sem sóknaraðili talar ekki íslensku en varnaraðili hafi ekki greint nánar frá því sem fram kom í „smáa lettri“ samningsins, til að mynda að tjón vegna sandstorma sé ekki innifalið í kaskótryggingu bifreiðarinnar. Sóknaraðili kveðst fyrst hafa fengið þær upplýsingar frá varnaraðila, þegar bifreiðinni hafði verið skilað, að kaskótrygging bifreiðarinnar bæti ekki tjón vegna sandstorma samkvæmt 60. lið samningsins. Sóknaraðili bendir á að honum hafi ekki verið greint frá hættunni á sandstormum af hálfu varnaraðila sem hann telur að varnaraðila hafi borið að gera.

Sóknaraðili telur fjárhæð reikningsins óeðlilega háa. Hafði sóknaraðili samband við varnaraðila með tölvupósti eftir móttöku reikningsins en segir að varnaraðili hafi neitað að lækka reikninginn. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að lækka reikninginn til samræmis við raunverulegt tjón vegna skemmda á bifreiðinni að mati hlutlauss aðila. Ef viðgerðarkostnaðurinn er metinn jafn hár og varnaraðili segir telur sóknaraðili að tjónið ætti að falla undir trygginguna.

3.2. Andsvör varnaraðila

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi skrifað undir samning við varnaraðila og þar með staðfest að hann hafi kynnt sér skilmála fyrirtækisins. Þar komi skýrlega fram í grein 60i að kaskótryggingin nái ekki yfir skemmdir af völdum sandfoks. Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðila hafi borið skylda að upplýsa varnaraðila um tjónið tafarlaust en ekki við skil á bifreiðinni tæplega þremur mánuðum eftir að tjónið átti sér stað. Hefði varnaraðili viljað skipta um bifreið án tafar til að forðast frekara tjón á sandblásinni bifreið af völdum ryðs. Varnaraðili leggur fram svokallað CABAS tjónamat og segir matið sýna fram á raunkostnað viðgerðarinnar. Telur varnaraðili að krafan sé réttmæt.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili hafði bifreið í eigu varnaraðila, af gerðinni Suzuki Vitara, árgerð 2016, til afnota frá 18. maí árið 2020 til 30. september 2020. Þann 5. júní 2020 varð bifreiðin fyrir tjóni þegar sóknaraðili lenti í sandstormi við akstur hennar. Þegar bifreiðinni hafði verið skilað barst sóknaraðila reikningur frá varnaraðila vegna tjónsins að fjárhæð 664.297 krónur. Ágreiningur málsins varðar þann reikning.

Varnaraðili starfar samkvæmt lögum nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna skal gerður leigusamningur um leigu bifreiðar en með leigusamningi er átt við samning „milli leigusala og leigutaka um leigu á skráningarskyldu ökutæki án ökumanns og til afnota gegn gjaldi“, sbr. t. tölul. 1. mgr. 2.

gr. laganna. Í skilmálum varnaraðila segir í 43. gr. að „[l]eigutaki skal greiða fyrir skemmdir sem verða á ökutækinu, á meðan ökutækið er á hans ábyrgð, sem ekki fást bætt úr kaskótryggingu ökutækisins eða ábyrgðartryggingu þriðja aðila.“ Þá segir í 56. gr. að leigutaki beri fulla ábyrgð á hverju tjóni sem verður á ökutækinu sem fæst ekki bætt úr kaskótryggingu ökutækisins.

Í gögnum málsins er að finna afrit af samningi, undirritaðan af vini sóknaraðila að nafni [...], skráðan sem leigutaka, við varnaraðila, vegna leigu á bifreiðinni, dags. 18. maí 2020. Leigusamningurinn og skilmálar hans eru aðeins á íslensku. Var vinur sóknaraðila skráður sem leigutaki í samningnum sökum þess að sóknaraðila var ófært að nýta greiðslukort í sinni eigu til leigu á bifreiðinni. Greiddi vinur sóknaraðila þar af leiðandi mánaðargjald vegna leigunnar sem sóknaraðili endurgreiddi vini sínum í kjölfarið. Sóknaraðili er aðeins skráður sem „[t]engiliður“ í leigusamningnum en ekki leigutaki, með þeim skyldum sem hvíla á leigutaka í skilningi framangreindra laga og skilmála varnaraðila. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að öll samskipti vegna leigunnar voru á milli sóknaraðila og varnaraðila og sameiginlegur skilningur beggja aðila hefur ávallt verið sá að um samning sé að ræða milli sóknaraðila og varnaraðila. Verður því litið á sóknaraðila sem eiginlegan leigutaka við úrlausn málsins.

Sóknaraðili telur að reikningur varnaraðila, að fjárhæð 664.297 krónur, sé mun hærri en nemi tjóninu sem varð á bifreiðinni í vörslum sóknaraðila. Krefst sóknaraðili þess að reikningurinn verði lækkaður til samræmis við raunverulegt tjón varnaraðila. Þá telur sóknaraðili að varnaraðili hafi ekki kynnt sér skilmála varnaraðila með fullnægjandi hætti. Varnaraðili telur að greiðslukrafan sé réttmæt og krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Samkvæmt 7. mgr. 6. gr. laga nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja ber ökutækjaleigu að tryggja að leigutaka séu ekki settir ólögmetir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Nánar er mælt fyrir um gerð leigusamnings í reglugerð nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra bifreiða. Í 3. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar kemur fram að ökutækjaleiga skuli gæta þess að leigutakar njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og að leigutaka séu eigi settir ólögmetir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar skal ökutækjaleiga sjá til þess að gerður sé leigusamningur um leigu á ökutæki sem undirritaður af leigutaka og leigusala. Þá ber ökutækjaleigu að kynna leigutaka efni leigusamningsins og sérstaklega þær skyldur sem hann tekur á sig með undirritun leigusamningsins, sbr. 2. mgr. 9. gr. Í 5. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar kemur fram að leiguskið skuli prentaðir á bakhlið leigusamnings í það minnsta á íslensku og ensku.

Í kostnaðarmati varnaraðila vegna tjónsins kemur fram að bifreiðin hafi orðið fyrir tjóni á lakki bifreiðarinnar, gleri, plasti og ljósum að framan og vinstra megin, auk skemmda á fremri stuðara. Kostnaður viðgerðarinnar er áætlaður með eftirfarandi hætti án virðisaukaskatts:

- „Body repair work, R/I“ alls 69.385 krónur fyrir 6,29 klukkustunda vinnu.
- „Plastic Repair (material incl.)“ alls 10.020 krónur fyrir 0,71 klukkustunda vinnu.
- „Glass work (Order Time incl.)“ alls 25.702 krónur fyrir 2,33 klukkustunda vinnu.
- „Parts (Discount 8.524)“ alls 161.953 krónur.
- „Incidental Material“ alls 6.656 krónur.
- „Paint work“ alls 196.880 krónur fyrir 14,21 klukkustunda vinnu.
- „Paint Material“ alls 65.128 krónur.

Til þess að krefjast skaðabóta frá sóknaraðila vegna tjónsins ber varnaraðila að sýna fram á fjárhagslegt tjón og raunverulegt umfang þess, vegna þeirra skemmda sem urðu á bifreiðinni. Ekki er hægt að ætlast til þess að sóknaraðili beri kostnaðinn af því að koma bifreiðinni í betra ástand en hún var þegar sóknaraðili tók hana á leigu.

Af þeim myndum sem liggja fyrir í málinu má sjá ryðskemmdir á bifreiðinni sem höfðu orðið áður en sóknaraðili tók bifreiðina á leigu. Þá liggur fyrir að bifreiðin varð fyrir tjóni á vinstri stuðara á meðan bifreiðin var í vörslum sóknaraðila og hefur sóknaraðili viðurkennt það. Ekki hefur annað komið fram en að slíkt tjón fengist bætt úr húftryggingu ökutækisins.

Kostnaðarmat vegna tjónsins er svokallað CABAS tjónamat. Tjónamatið er sett fram á þann hátt að erfitt er að átta sig á því hvernig raunverulegt tjón er fundið út og að hvaða leyti það megi rekja til sóknaraðila með óyggjandi hætti. Þá er ekki sýnt fram á að nauðsyn sé að framkvæma alla þætti kostnaðarmatsins vegna tjóns sem rekja megi til sóknaraðila. Ekkert liggur fyrir um að varnaraðili hafi látið gera við bifreiðina og að varnaraðila yrði gert að greiða sömu fjárhæð fyrir viðgerðina og sóknaraðili hefur verið krafinn greiðslu á. Varnaraðili hefur því ekki sýnt fram á tjón sitt og þar með heimild til að krefja sóknaraðila um umrædda greiðslu. Verður sóknaraðila því ekki gert að greiða framlagðan reikning varnaraðila að fjárhæð 664.297 krónur.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að fella niður greiðslukröfu sína á hendur sóknaraðila, X, að fjárhæð 664.297 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða gjald vegna kostnaðar nefndarinnar af meðferð málsins að fjárhæð 35.000 krónur, sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson